Fundargerð

Nefnd: **Skipulags- og byggingarnefnd**

Nr. fundar: **13**

Dags: **29.05.2009**

**Fundarmenn: Margeir Ingólfsson (Bláskógabyggð), Ingvar Grétar Ingvarsson (Grímsnes-og Grafningshr.), Sigurður Ingi Jóhannsson og Ragnar Magnússon(Hrunamannahr.), Gunnar Örn Marteinsson (Skeiða-og Gnúpverjahr.) Aðalsteinn Sveinsson (Flóahr.), Pétur Ingi Haraldsson (skipulagsfulltrúi), Helgi Kjartansson (byggingafulltrúi)**

Mál fyrir fundi

Nr. 1

**Málsnr.** 200905471678 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

**Heiti máls** Farbraut 3, kæra á synjun byggingarleyfis

**Lýsing** Borist hefur erindi frá úrskurðanefnd skipulags- og byggingarmála þar sem kærð er synjun á umsókn um leyfi fyrir gróðurhúsi og geymslu á Farbraut 3. Sveitarfélagi gefinn kostur á að tjá sig um málið til 3. júní

**Afgreiðsla** ***Byggingafulltrúa er falið að senda greinargerði til úrskurðarnefndar.***

Nr. 2

**Málsnr.** 200905121682 **Svf.** Bláskógabyggð

**Heiti máls** Árbraut 6 Efri Reykjum-Fyrirspurn

**Lýsing** Fyrirspurn frá Kára Arnórssyni um hvort samþykkt verði að byggja sumarbústað úr steinsteypum einingum einangrað og klætt að utan með sama hætti og á sýnt er á teikningum frá ATELIER ARKITEKTA EHF dags 6. Október 2006

**Afgreiðsla** ***Að mati nefndarinnar samræmist fyrirhugað hús skilmálum svæðisins.***

Nr. 3

**Málsnr.** 200905321653 **Svf.** Hrunamannahreppur

**Heiti máls** Dalabyggð 23

**Þjóðskr.nr.** 8710-01-66100230

**Teg. bygg.** Sumarhús

**Eigandi** Elísa Nielsen Eiríksdóttir 1512615749 Hraunbær 810 Hveragerði

**Lýsing** Fyrirspurn um hvort leyft verði að stækka sumarhús þannig að húsið verði um 70 ferm auk 10 ferm útigeymslu, alls 80 ferm

**Stærðir** 80.0 m2 0.0 m3 **Hönnuður** vantar

**Afgreiðsla** ***Að mati nefndarinnar má gefa út byggingarleyfi fyrir viðkomandi húsi.***

Nr. 4

**Málsnr.** 200905411711 **Svf.** Hrunamannahreppur
**Heiti máls** Foss
**Þjóðskr.nr.** 8710-02-0002-5000
**Teg. bygg.** Gripahús
**Eigandi** Hjörleifur Ólafsson 1309550029 Foss 845 Flúðir
**Lýsing** Hesthús, byggt úr timbri, veggir klæddir með stáli
**Stærðir** 185.0 m2 620.1 m3 **Hönnuður** Erlingur Ingvason 2801524399

**Afgreiðsla** ***Samþykkt skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um meðmæli Skipulagsstofnunar.***

Nr. 5

**Málsnr.** 200904481593 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur
**Heiti máls** Bjarkarbraut 5
**Þjóðskr.nr.** 8719-01-5820-0050
**Teg. bygg.** Sumarhús
**Eigandi** Örn Zebitz 1711422969 Dalseli31 109 Reykjavík
**Lýsing** Viðbygging við sumarhús úr timbri. Eftir stækkun verður húsið 65,4 m2 og 213,4 m3
**Stærðir** 8.1 m2 37.4 m3 **Hönnuður** Bjarni H Ingibergsson 0308612729

**Afgreiðsla** ***Samþykkt***

Nr. 6

**Málsnr.** 200904341591 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur
**Heiti máls** Miðheiðarvegur 11
**Þjóðskr.nr.** 8719-01-6425-0115
**Teg. bygg.** Sumarhús
**Eigandi** María J Gunnarsdóttir 2112472079 Selvogsgrunnur 14 104 Reykjavík
**Lýsing** Viðbygging við sumarhús úr timbri á einni hæð. Eftir stækkun verður húsið 79,3 m2 og 260,3 m3
**Stærðir** 41.0 m2 134.6 m3 **Hönnuður** Samúel Smári Hreggviðsson 2007524659

**Afgreiðsla** ***Hafnað þar sem viðbyggingin er of nálægt lóðarmörkum.***

Nr. 7

**Málsnr.** 200905691691 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur
**Heiti máls** Reykjanes lóð 12
**Þjóðskr.nr.** 8719-01-6810-0120
**Teg. bygg.** Sumarhús
**Eigandi** Tryggvi Aðalbjarnarson 1207507479 Kleifarseli 13 109 Reykjavík
**Lýsing** Sumarhús úr timbri á einni hæð
**Stærðir** 68.6 m2 216.9 m3 **Hönnuður** Bæring Bjarnar Jónsson 0204645509

**Afgreiðsla** ***Afgreiðslu frestað þar sem verið er að vinna að breytingum á skilmálum svæðisins.***

Nr. 8

**Málsnr.** 200905281686 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

**Heiti máls** Snæfoksstaðir lóð 103a
**Þjóðskr.nr.** 8719-01-74000130
**Teg. bygg.** Sumarhús
**Eigandi** Sólfríður Guðmundsdóttir 0310513559 Ásakór 3 203 Kópavogur
**Lýsing** Sumarhús úr timbri með svefnlofti að hluta
**Stærðir** 96.0 m2 396.5 m3 **Hönnuður** Guðmundur Þór Guðmundsson 2008575269

**Afgreiðsla** ***Samþykkt, með skilyrði um að núverandi bústaður verði fjarlægður af lóðinni innan árs frá útgáfu byggingarleyfisins.***

Nr. 9
**Málsnr.** 200812811328 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur
**Heiti máls** Tjarnarlaut 19
**Þjóðskr.nr.** 8719-03-3515-0190
**Teg. bygg.** Sumarhús
**Eigandi** Niðjar ehf 4107993409 Hamraborg 20 200 Kópavogur
**Lýsing** Viðbygging við eldra sumarhús. Viðbygging á tveimur hæðum.
**Stærðir** 0.0 m2 0.0 m3 **Hönnuður** Benjamín Magnússon

**Afgreiðsla** ***Grendarkynning hefur farið fram og bárust engar athugasemdir. Skipulags- og bygginganefnd samþykkir erindið og felur byggingafulltrúa afgreiðslu þess í samræmi við aths eldvarnareftirlits.***

Nr. 10
**Málsnr.** 200905401615 **Svf.** Skeiða- og Gnúpverjahreppur
**Heiti máls** Lækjarbrekka lóð 166671
**Þjóðskr.nr.** 8720-03-44500010
**Teg. bygg.** Sumarhús
**Eigandi** Þorsteinn Ólafsson 0304474929 Háengi 6 800 Selfoss
**Lýsing** Sótt um að rífa 14,5 ferm sumarhús sem stendur á lóðinni og flytja á staðinn sumarhús sem stendur á Lynghóli í Flóahreppi, landnr. 198960
**Stærðir** 45.0 m2 144.0 m3 **Hönnuður** Þorsteinn Friðþjófsson 2110555299

**Afgreiðsla** ***Samþykkt.***

Nr. 11
**Málsnr.** 200905571720 **Svf.** Skeiða- og Gnúpverjahreppur
**Heiti máls** Skriðufell
**Þjóðskr.nr.** 8720-04-00070000
**Teg. bygg.** Atvinnuhúsnæði
**Eigandi** Skógrækt Ríkisins Suðurlandi 4604730129 Ásólfsstöðum 801 Selfoss
**Lýsing** Hús fyrir snyrtiaðstöðu, byggt úr timbri
**Stærðir** 6.8 m2 19.8 m3 **Hönnuður** Erlingur Ingvason 2801524399

**Afgreiðsla** ***Samþykkt***

Nr. 12
**Málsnr.** 200905551706 **Svf.** Skeiða- og Gnúpverjahreppur

**Heiti máls** Vorsabær II

**Þjóðskr.nr.** 8720-02-0008-8000

**Teg. bygg.** Atvinnuhúsnæði

**Eigandi** Björn Jónsson 2109555429 Vorsabær II 801 Selfoss

**Lýsing** Breytt notkun á húsi. Sótt er um að áðursamþykkt starfsmannahús verði breytt í gistiskála í tengslum við ferðaþjónustu

**Stærðir** 98.3 m2 254.4 m3 **Hönnuður** Páll Zophoníasson 3108337899

**Afgreiðsla**

Nr. 13

**Málsnr.** 200905891702 **Svf.** Bláskógabyggð

**Heiti máls** Austurhlíð lóð 214863

**Þjóðskr.nr.** 8721-02-00018040

**Teg. bygg.** Íbúðarhús

**Eigandi** Magnús Kristinsson 0906533429 Austurhlíð 801 Selfoss

**Lýsing** Nýtt íbúðarhús úr timbri á einni hæð. Eldra íbúðarhús á lóðinni verður rifið

**Stærðir** 136.1 m2 483.1 m3 **Hönnuður** Guðjón Þórir Sigfússon 0201623099

**Afgreiðsla** ***Samþykkt með fyrirvara um að eldra hús verði fjarlægt fyrir árslok 2010 í samræmi við fyrirliggjandi yfirlýsingu.***

Nr. 14

**Málsnr.** 200904721574 **Svf.** Bláskógabyggð

**Heiti máls** Bergás

**Þjóðskr.nr.** 8721-02-0001-9010

**Teg. bygg.** Sumarhús

**Eigandi** Elísabet Benediktz 0608642929 Sólheimum 23 104 Reykjavík

**Lýsing** Sótt um endurnýjað byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi úr timbri á einni hæð.

**Stærðir** 82.0 m2 237.0 m3 **Hönnuður** Jón Þór Þorvaldsson 0212567579

**Afgreiðsla** ***Samþykkt.***

Nr. 15

**Málsnr.** 200905671674 **Svf.** Bláskógabyggð

**Heiti máls** Stakkholt 5

**Þjóðskr.nr.** 8721-01-77100050

**Teg. bygg.** Sumarhús

**Eigandi** Johannes Hermanus Boersma 2704502299 Reykás 845 Flúðir

**Lýsing** Fyrirspurn um hvort leyft verði að byggja um 25 ferm gestahús á lóðinni til viðbótar við 80 ferm sumarhús sem fyrir er.

**Stærðir** 25.0 m2 100.0 m3 **Hönnuður** vantar

**Afgreiðsla** ***Að mati nefndarinnar samræmist fyrirspurning ekki deiliskipulagi svæðisins.***

Nr. 16

**Málsnr.** 200905701663 **Svf.** Hrunamannahreppur

**Heiti máls** Ásabyggð 21 - fyrirspurn

*Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa Ásabyggðar 21 um mögulega stækkun núverandi frístundahúss í átt að lóðarmörkum. Skv. teikningu yrði húsið um 3,6 m frá lóðarmörkum, sem þó liggja ekki upp að annarri lóð. Óskað er eftir undanþágu vegna fjarlægðar eða eftir stækkun lóðar um 4-6 m. Erindi hafnað vegnað nálægðar við landamerki Hvamms.*

Nr. 17
**Málsnr.** 200905811725 **Svf.** Hrunamannahreppur
**Heiti máls** Ásabyggð 23 - fyrirspurn

*Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa Ásabyggðar 23 um möguleikann á að stækka lóðina til að hægt verði að stækka núverandi hús til austurs. Hafnað og lóðarhafa bent á að snúa sér til landeigenda um lóðarstækkun.*

Nr. 18
**Málsnr.** 200905861656 **Svf.** Hrunamannahreppur
**Heiti máls** Ásatún 166711 - lóðablað

*Lagt fram lóðablað ásamt umsókn um stofnun nýrrar 31 ha spildu úr landi Ásatúns lnr. 166711, utan um núverandi golfvöll. Óskað er eftir að nýja lóðin fái heitið Ásatúnsvallarland. Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.*

Nr. 19
**Málsnr.** 200905531715 **Svf.** Hrunamannahreppur
**Heiti máls** Ásgarði Kerlingarfjöllum - deiliskipulag

*Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir landið Ásgarð Kerlingafjöllum. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir 12 nýjum gistiskálum á einni hæð, þjónustuhúsi fyrir ferðamenn og þjónustuhúsi fyrir tjaldstæði. Þá er einnig gert ráð fyrir ýmsum framkvæmdum til að bæta aðstöðu á svæðinu s.s. nýja rotþró, pöllum, bæta aðstöðu fyrir vagn o.fl. Þar sem deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat áætlana er afgreiðslu tillögunnar frestað þar til umhverfisskýrsla liggur fyrir.*

Nr. 20
**Málsnr.** 200904811562 **Svf.** Hrunamannahreppur
**Heiti máls** Högnastaðir - deiliskipulag

*Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Högnastaða lnr. 166779. Um er að ræða 24,6 ha svæðis sem liggur meðfram fyrirhuguðum Bræðratunguvegi að sunnaverðu. Gert er ráð fyrir 25 frístundahúsalóðum þar sem hámarksbyggingarmagn er 210 fm eða nýtingarhlutfall upp á 0.03. Samþykkt að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með þeirri breytingu að lóðir 23, 24 og 25 falla út og að áður liggi fyrir umsögn Veðurstofunar vegna flóðahættu.*

Nr. 21
**Málsnr.** 200905251658 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur
**Heiti máls** Bíldsfell 3 170814 - lóðablað

*Lagt fram lóðablað sem sýnir skiptingu landsins Bíldsfell 3 landnr. 170814 í 6 spildur. Landinu hefur þegar verið skipt í 4 spildur og með lóðablaðinu er gert ráð fyrir að tvær nýjar verði til. Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um að aðkoma sé tryggð að öllum lóðum.*

Nr. 22

**Málsnr.** 200904441576 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

**Heiti máls** Nesjavellir - Endurskoðun dsk

***Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi (endurskoðun) iðnaðarsvæðis virkjunar á Nesjavöllum ásamt umhverfisskýrslu. Tillagan gerir ráð fyrir ýmsum breytingum og eru þær helstu stækkun á svæði fyrir niðurrennslisholur, breyting á stærð og afmörkun borsvæða auk þess sem gert er ráð fyrir stækkun stöðvarhúss svæðis fyrir kæliturn. Gert er ráð fyrir að helstu umhverfisáhrif verði vegna niðurdælingu skiljuvatns og breytinga á borplönum. Samþykkt að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.***

Nr. 23

**Málsnr.** 200905361659 **Svf.** Grímsnes og Grafningshreppur

**Heiti máls** Þórisstaðir lóð nr. 62 - breyting á deiliskipulagi

***Lagt fram erindi eigenda lóðar nr. 62 í landi Þórisstaða þar sem sótt er um byggingarleyfi fyrir 85 fm frístundahúsi ásamt 15 fm útihúsi sem reist skuli úr timbri á 103 fm steinsteyptum kjallara. Umsóknin felur í sér ósk um óverulega breytingu frá deiliskipulagi þar sem skv. gildandi deiliskipulagi er eingöngu heimilt að reisa 100 fm frístundahús. Samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum svæðisins skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga þannig að byggingarmagn lóða miðist við nýtingarhlutfall upp á 0.03, þar af má aukahús vera 40 fm.***

Nr. 24

**Málsnr.** 2008048657 **Svf.** Skeiða- og Gnúpverjahreppur

**Heiti máls** Ásólfsstaðir II

***Lögð fram að nýju eftir auglýsingu tillaga að deiliskipulagi frístundahúsalóða í landi Ásólfsstaða II. Tillagan var í auglýsingu frá 6. febrúar með athugasemdafresti til 20. mars. Fjórar athugasemdir bárust. Vegna athugasemda er tillagan nú lögð fram með ákveðnum breytingum frá auglýstri tillögu. Skipulagssvæðið minnkar þannig að lóð ofan við bæinn Ásólfsstaði fellur út auk þess sem núverandi hús verður utan skipulagssvæðis. Í staðinn fyrir lóðina sem fellur út er gert ráð fyrir að ein lóð bætist við þar sem hinar lóðirnar eru. Samþykkt skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsfulltrúa með ofangreindum breytingum falið að svara athugasemdum í samræmi við ofangreint og umræður á fundi.***

Nr. 25

**Málsnr.** 20081171304 **Svf.** Skeiða- og Gnúpverjahreppur

**Heiti máls** Stóra-Hof - Breyting á deiliskipulagi

***Lögð fram eftir auglýsingu tillaga að endurskoðun deiliskipulags frístundabyggðar í landi Stóra-Hofs. Tillagan var auglýst 6. febrúar með athugasemdafresti til 20. mars. Engar athugasemdir bárust en nú liggur fyrir umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 30. apríl. Tillagan er nú lögð fram með ákveðnum breytingum varðandi neysluvatns- og fráveitumál til að koma til móts við umsögnina. Samþykkt skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með ofangreindum breytingum og með fyrirvara um staðfestingu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á að farið hafi verið að athugasemdum þeirra.***

Nr. 26

**Málsnr.** 200902551461 **Svf.** Bláskógabyggð

**Heiti máls** Austurhlíð - landsskipti

*Lagt fram að nýju lóðablað yfir 2 ha spildu úr landi Austurhlíðar (landnr. 167196). Á lóðinni eru í dag fjögur frístundahús og er gert ráð fyrir að afmörkuð verði 1.300 fm lóð utan um hvert hús. upprunalandið verður 1,48 ha eftir skiptin. Afgreiðslu málsins var frestað á fundi 23. mars sl. og skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjanda. Nú liggur fyrir frekari rökstuðningur. Hafnað þar sem aðalskipulag sveitarfélagsins gerir ráð fyrir að nýstofnaðar lóðir skuli að lágmarki vera 0,5 ha að stærð.*

Nr. 27

**Málsnr.** 200905851721 **Svf.** Bláskógabyggð

**Heiti máls** Bræðratunguvegur - lóðablað

*Lagt fram erindi Vegagerðarinnar dags. 27. maí 2007 þar sem óskað er eftir að stofnað verði land sem fer undir Bræðratunguveg, úr landi Bræðratungu, Galtalæks, Hvítárbakka, Króks, Lambúsakots og Ásakots. Með fylgdu lóðarblöð fyrir spildurnar sem og umsóknareyðblöð með undirritun landeigenda. Samþykt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.*

Nr. 28

**Málsnr.** 20080113533 **Svf.** Bláskógabyggð

**Heiti máls** Dsk Reykholt - Austurhluti

*Lögð fram eftir auglýsingu tillaga að endurskoðun deiliskipulags sem nær yfir austurhluta Reykholts. Um er að ræða heildarendurskoðun á deiliskipulagi þessa svæðis en í dag eru nokkrar deiliskipulagsáætlanir sem ná yfir svæðið. Þá hafa í gegnum tíðina verið gerðar þó nokkuð margar breytingar á svæðinu, sumar sem ekki hafa hlotið endanlegt gildi. Vegna þessa hefur verið ákveðin óvissa um gildandi deiliskipulag svæðisins. Gert er ráð fyrir að við gildistöku þessa skipulags, falli eldri deiliskipulagsáætlanir úr gildi. Tillagan var auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi þéttbýlisins Reyholts 26. maí 2008 með athugasemdafresti til 7. júlí. Athugasemdir bárust. Aðalskipulagsbreytingin tók gildi með augýsingu í b-deild stjórnartíðinda 26.maí sl. Deiliskipulagið er nú lagt fram með eftirfarandi breytingum: 1. Lóðir nr. 2, 3 og 7 við Dalbraut voru í auglýstri tillögu íbúðarhúsalóðir en verða nú landbúnaðarlóðir. 2. Lóð nr. 12 við Dalbraut var í auglýstri tillögu íbúðarhúsalóð en verður nú blanda landbúnaðar- og athafnalóðar. 3. Deiliskipulagssvæðið stækkað til að ná yfir samþykkt deiliskipulag iðnaðar- og athafnalóðir við Vegholt og yfir svæði vestan Skólavegar. Engar breytingar á þessum svæðum frá gildandi deiliskipulagi. 4. Afmörkun og stærð nokkurra lóða hefur verið lagfærð til samræmis við nákvæmari gögn. Fyrir liggur tillaga að umsögn um innkomnar athugasemdir. Samþykkt skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með ofangreindum breytingum og er umsögn einnig samþykkt.*

Nr. 29

**Málsnr.** 200905961724 **Svf.** Bláskógabyggð

**Heiti máls** Kárastaðir lnr. 170159 - lóðablað

*Lagt fram erindi frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu þar sem óskað er eftir að stofnuð verði 2.944 fm lóð úr landi Kárastaða lnr. 170159 undir núverandi íbúðarhús. Meðfylgjandi er undirritað umsóknarblað og lóðablað. Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.*

Nr. 30

**Málsnr.** 200905541709 **Svf.** Bláskógabyggð

**Heiti máls** Skálabrekka B,b,b,1 - tillaga að dsk

*Lögð fram tillaga að skiptingu 3 ha lands úr Skálabrekku. Í dag eru 2 hús á svæðinu en óskað eftir leyfi fyrir tveimur í viðbót. Að mati nefndarinnar samræmist tillagan ákvæðum aðalskipulags svæðisins en að æskilegt væri að deiliskipulagið myndi ná yfir stærra svæði, t.d. vegna aðgengi að lóðum og umferð um svæðið.*

Nr. 31

**Málsnr.** 200905281712 **Svf.** Flóahreppur

**Heiti máls** Flóaskóli og Þjórsárver - breyting á deiliskipulagi

***Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Flóaskóla og Þjórsárver. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir stækkun skólahúsnæðis og íþróttahúss, gert ráð fyrir sundlaugarsvæði, stækkun félagsheimilisins Þjórsárvers og byggingarreitum fyrir tvö íbúðarhús. Þá er gert ráð fyrir að leiksvæði og bílastæði stækka. Samþykkt að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.***

Nr. 32

**Málsnr.** 200905101657 **Svf.** Flóahreppur

**Heiti máls** Hróarsholt 2 lnr. 166349 - lóðablað

***Lagt fram lóðablað ásamt erindi þar sem fram kemur að félagið Hróarsholt-vestra sem er eigandi jarðarinnar Hróarsholt 2 166349 hefur í hyggju að skipta jörðinni milli eigenda félagsins. Afgreiðslu frestað.***

Nr. 33

**Málsnr.** 200905851687 **Svf.** Flóahreppur

**Heiti máls** Hróarsholt I lnr. 166348 - lóðablað

***Lagt fram lóðablað yfir 17,3 ha spildur úr landinu Hróarsholt I lnr. 166348. Spildan liggur á milli Villingaholtsvegar og Vola. Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda. Jafnframt skal hnitakerfið vera isnet 93 og sýnt fram á aðkomu að spildunni.***

Nr. 34

**Málsnr.** 20090591688 **Svf.** Flóahreppur

**Heiti máls** Sölvholt - deiliskipulag

***Lögð fram tillaga að deiliskipulagi í landi Sölvholts (um 250 ha). Um er að ræða 1,5 ha svæði þar sem gert er ráð fyrir 2 lóðum þar sem heimilt er að byggja allt að 250 fm tvílyft hús og gestahús allt að 30 fm stærð. Lóðirnar liggja að núverandi aðkomuvegi að bæjarstæði jarðarinnar. Samþykkt að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um að nýtingarhlutfall verði ekki hærra en 0.03. Þá þarf einnig að liggja fyrir samþykki allra landeigenda.***

Nr. 35

**Málsnr.** 20090541660 **Svf.** Flóahreppur

**Heiti máls** Vatnsholt_landbúnaðarlóð - deiliskipulagsbreyting

***Lögð fram tillaga að skilmálabreytingu landbúnaðarlóðar í landi Vatnsholts. Óskað er eftir leyfi til að byggja allt að 1100 fm reiðskemmu/hesthús í stað 600 fm eins og er í gildandi skilmálum. Að mati nefndarinnar er um óverulega breytingu að ræða þar sem nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar eingöngu úr 0.031 í um 0.044. Sampykt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um undanþágu umhverfisráðuneytisins vegna fjarlægðar frá vegi. Grenndarkynning fellur niður.***

Nr. 36

**Málsnr.** 200901411440 **Svf.** Öll sveitarfélög

**Heiti máls** Afgreiðslufundir Byggingafulltrúa 2009

***Lagðar fram afgreiðslur byggingarfulltrúa 29. apríl og 13. maí og 27. maí 2009. Samþykkt***